



Til borgarráðs

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um þá ákvörðun að minnka götulýsingu - málsnr. R19110388

Vísað er til erindis frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði dagsett 28. nóvember sl. varðandi „þá ákvörðun á árunum eftir hrunið að draga mjög úr götulýsingu sem gerir borgina dimma og hættulega fyrir alla.“

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram:

1. Hvers vegna var tekin ákvörðun um að draga úr götulýsingu í borginni úr 50 LUX niður í 20 LUX?

Á stofnbrautum er almenn meðalbirta 10-15 lux og á göngustígum 2-10 lux og hefur verið þannig frá upphafi. Birtustigið 20 lux er lágmarkslýsing á vinnusvæðum utanhúss samkvæmt ÍST EN staðli. Ákvörðun var tekin um að kveikja og slökkva við 20 lux í stað 50 lux en ekki draga úr götulýsingunni. Að kveikja götulýsingu við 50 lux bætir ekkert við þá náttúrulegu birtu sem fyrir er. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá birtustig við mismunandi aðstæður miðað við náttúrulegar aðstæður eða samkvæmt stöðlum.

BIRTA (LUX)	
0.002 lux	Heiður himin, án tungis, með lofthjúpsendurkast
0.01 lux	Fjórðungstungl
0.27 lux	Fullt tungl og heiður himinn
0.4 lux	Lágmarksbirta á göngustígum í lægsta flokki (P6)
0.5 lux	Neyðarlýsing ("Anti Panic")
1 lux	Neyðarlýsing flóttaleiða
2 lux	Lágmarksmeðalbirta á göngustíg (P6)
3 lux	Lágmarksbirta á göngustíg í hæsta flokki (P1)
3.4 lux	Mörk rökkurs og myrkurs undir heiðum himni
5 lux	Neyðarlýsing í stigahúsum
10 lux	Almenn meðalbirta á stofn- og tengibrautum
15 lux	Hámarksmeðalbirta á göngustígum (P1)
20 lux	Lágmarkslýsing á vinnusvæðum utanhúss
50 lux	Almenn heimilislýsing
100 lux	Þungskýjaður dagur
300 lux	Almenn umhverfislýsing á skrifstofum
400 lux	Sólarupprás/solarlag við heiðskiran himin
500 lux	Skrifborðslýsing
750 lux	Vinnubirta fyrir aldraða
1.000 lux	Skýjaður dagur
5.000-7.000 lux	Gróðurhús
10.000-25.000 lux	Full dagsbirta (ekki beint undir sólarljósi)
32.000-130.000 lux	Bein sólarbirta

2. Af hverju hefur ljósmagnið ekki verið hækkað á ný í 50 LUX?

Sjá svar við spurningu 1. Tvisvar á ári, í októbermánuði og frá 15. febrúar til loka mars er ekki slökkt á götulýsingunni þegar börn eru á leið í skóla þó birtan fari undir 20 lux. Rétt er að taka fram að nú er verið að endurbæta lýsingu við gangbrautir og verður hún á bilinu 30-50 lux.

3. Hvað hefur borgin sparað sér í peningum á ári frá því ljósmagnið var lækkað í 20 LUX?

Orkusparnaður hefur verið um 5-8% á ári við það að fækka logtíma úr 4.000 klst í 3.700 til 3.800 klst á ári eftir tíðarfari.

Munur á árlegum logtíma miðað við 50 lux og 20 lux er um 110 klst á ári að meðaltali. Hver klukkustund í logtíma kostaði að meðaltali um 118.000 krónur (orka og viðhald) miðað við núverandi ástand götulýsingarkerfisins. Samtals má því gera ráð fyrir að það hafi sparast um 11,8 milljónir á ári eða um 118 milljónir á síðustu 10 árum. Rétt er að taka fram að þegar búið verður að LED-væða götulýsinguna þá kosti hver klst. í logtíma 35.000 krónur (orka og viðhald).

4. Hvers vegna er öryggi borgaranna ekki tekið frammar sparnaði?

Eins og kemur fram hér að ofan þá bætir götulýsingin ekkert við þá náttúrulegu birtu sem fyrir er þegar hún er kveikt eða slökkt við 20 lux. Þessi ákvörðun var tekin í fullu samráði við lögregluna og Félag Íslenskra Bifreiðaeiganda (FÍB) á sínum tíma eftir að hafa kannað hvaða logtíma borgir á Norðurlöndunum og í Evrópu notuðu. Markmið götulýsingar (Ljósvisistarstefnu Reykjavíkurborgar) eru og hafa alltaf verið að tryggja þægindi vegfarenda og skapa öryggi í borgarumhverfinu.

<p>MARKMIÐ</p> 	<ul style="list-style-type: none">• Að koma á samræmi í götulýsingu• Að sporna við ljósmengun• Að tryggja þægindi vegfarenda• Að skapa öryggi í borgarumhverfinu• Að draga fram einkenni borgarinnar og skapa karakter.
---	---

Virðingarfyllt,



Hjalti J. Guðmundsson, skrifstofustjóri,
reksturs og umhirðu borgarlandsins